

LÍFEYRISSJÓÐURINN FRAMSÝN



# ÁRSSKÝRSLA 2003

*ANNUAL REPORT*





## EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns . . . . .	2
Lífeyrismál . . . . .	4
Innheimta . . . . .	6
Iðgjald . . . . .	7
Ársfundur 2003 . . . . .	8
Stjórn og starfsmenn . . . . .	9
Starfsemi sjóðsins á árinu 2003 . . . . .	10
Verðbréfaeign . . . . .	11
Fjárfestingar 2003 . . . . .	11
Séreignarsjóður Framsýnar . . . . .	12
Innlend skuldabréf . . . . .	13
Gjaldeyrismarkaður . . . . .	13
Innlendur hlutabréfamarkaður . . . . .	14
Erlendir hlutabréfamarkaðir . . . . .	15
Fjárfestingarstefna . . . . .	15

### Ársreikningur:

Áritun endurskoðenda . . . . .	19
Skýrsla stjórnar . . . . .	20
Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra . . . . .	21
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2003 . . . . .	22
Efnahagsreikningur 31. desember 2003 . . . . .	23
Yfirlit um sjóðstreymi 2003 . . . . .	24
Skýringar . . . . .	25
Yfirlit um breytingu á hreinni eign Séreignarsjóðs Framsýnar til greiðslu lífeyris 2003 . . . . .	36
Efnahagsreikningur Séreignarsjóðs Framsýnar 2003 . . . . .	37
Sjóðstreymi Séreignarsjóðs Framsýnar 2003 . . . . .	38
Skýringar . . . . .	39
Deildarskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2003 . . . . .	44
Deildarskiptur efnahagsreikningur 31. desember 2003 . . . . .	45

### Annual Report:

Auditor's Report . . . . .	49
Report of the Board of Directors . . . . .	50
Statement of Changes in Net Assests Available for Benefits 2003 Divided by Pension Plan . . . . .	52
Balance Sheet 31 December 2003 Divided by Pension Plan . . . . .	53
Pension Liabilities . . . . .	54
Financial Ratios for the Defined Benefit Plan . . . . .	55
Financial Ratios for the Framsýn Defined Contributions Plan . . . . .	56

Fólkið, drifkraftur íslensks atvinnulífs, er myndabema ársskýrslu Framsýnar þetta árið. Hér er því á ferð eðlilegt framhald undanfarinna ára; „börn að leik“ árið 2001 og „fram tíðin og undirbúningur æskunnar fyrir atvinnulífið“ árið 2002.

## ÁVARP STJÓRNARFORMANNS



Átta ár eru nú liðin síðan samtals fimm lífeyrissjóðir, sem áttu rætur að rekja til stofnunar starfsgreinatengdra lífeyrissjóða með kjarasamningum árið 1969, sameinuðust í lífeyrissjóðnum Framsýn. Má fullyrða að sú sameining hafi verið mikið gæfuspor. Lífeyrissjóðurinn Framsýn er nú þriðji

stærsti lífeyrissjóður landsmanna og er staða hans afar traust. Eign sjóðsins umfram skuldbindingar er nú um 1,8 milljarðar króna, eða sem svarar 1,5% af heildarskuldbindingum. Rekstrarkostnaður sjóðsins var aðeins 0,16% af heildareignum á síðasta ári.

Hrein eign samtryggingarsjóðs jókst um 10 milljarða króna á síðasta ári og nam 63,4 milljörðum króna um áramót. Alls greiddu 30.529 sjóðfélagar og 2.834 fyrirtæki rúmlega 3 milljarða í iðgjöld til sjóðsins. Greiddur var lífeyrir til 9.282 einstaklinga að upphæð samtals rúmlega 2 milljarðar króna. Í árslok áttu 139.025 einstaklingar réttindi hjá sjóðnum. Séreignarsjóðurinn óx um 141,6% á síðasta ári og er hrein eign nú 644 milljónir króna. Réttihafar í séreignarsjóðnum voru 26.303 í árslok 2003. Er mjög ánægjulegt að sjá þann vöxt sem orðið hefur hjá séreignarsjóðnum og ljóst að fleiri og fleiri sjóðfélagar eru að átta sig á því hvaða möguleika séreignarsparnaður með mótframlagi vinnuveitanda gefur til sjóðssöfnunar sem um munar.

### Góð ávöxtun

Ávöxtun Lífeyrissjóðsins Framsýnar á síðasta ári var sú næstbesta í sögu sjóðsins. Nafnávöxtun samtryggingarsjóðs nam 17%, sem samsvarar 13,9% raunávöxtun. Framsýn er einnig í fremstu röð íslenskra lífeyrissjóða þegar horft er lengra aftur, en 5 ára árleg raunávöxtun nemur 4,6%. Raunávöxtun deilda séreignarsjóðsins var enn betri á árinu, 23,9% hjá Framtíðarsýn 1 og 19,1% hjá Framtíðarsýn 2.

Fjárfestingarstefnu sjóðsins er ætlað að stuðla að jafnvægi á milli góðrar ávöxtunar á fjármunum sjóðsins og ásættanlegrar áhættu. Greining á áhættu sem sjóðurinn býr við hefur fengið aukið vægi í starfi og stefnumótun stjórnar og hefur stjórnin m.a. fengið utanaðkomandi aðila til að meta hvernig fjárfestingar falli að fjárfestingarstefnu og fjárfestingarstefnan fyrir sitt leyti að þeim greiðsluskuldbindingum sem sjóðurinn býr við. Stöðugt er reynt að bæta starfsreglur og verkferla og eftirlit hefur verið aukið með það að markmiði að takmarka áhættu af mistökum.

### Formleg hluthafastefna

Fjárfestingar í hlutabréfum gegna veigamiklu hlutverki í því að dreifa áhættu og auka ávöxtun sjóðsins. Hefur sjóðurinn nú til viðbótar við fjárfestingarstefnu, sett sér formlega hluthafastefnu, til þess að skýra betur stöðu sína sem fagfjárfestis. Þar er lögð áhersla á að arðsemi ráði fjárfestingum sjóðsins í hlutabréfum. Ekki sé heppilegt að vera í hlutverki kjölfestufjárfestis í tilteknum fyrirtækjum og gætt sé hlutleysis í viðskiptaátökum.





Sjóðurinn láti álit sitt í ljós fyrst og fremst með aðgerðum á hlutabréfamarkaði og kjósi ekki eigin stjórnarmenn til setu í stjórnum þeirra fyrirtækja sem fjárfest er í. Það síðast nefnda kæmi vel til álita að festa í samþykktir sjóðsins, rétt eins og það ákvæði sem þar er nú að finna, að stjórnarmenn lífeyrissjóðsins skuli ekki sitja þar lengur en 8 ár samfelld.

Skýr fjárfestingar- og hluthafastefna getur stuðlað að betri verkaskiptingu milli annars vegar stjórnar og hins vegar framkvæmdastjóra og annars starfslíðs, sem sjá um að framkvæma stefnuna. Það er persónuleg skoðun undirritaðs að tímabært sé að skoða kosti og galla þess að árangurstengja í einhverjum mæli launakjör framkvæmdastjóra og eftir atvikum fleiri starfsmanna, þótt ljóst sé að lífeyrissjóðir muni fara varlega í þeim efnum.

### *Efling lífeyrissjóðakerfisins*

Um árábil hefur það verið ljóst, að hversu góð sem ávöxtun almennra lífeyrissjóða myndi vera þá væri tvísýnt um að margir þeirra gætu risið undir þeim væntingum um lífeyri sem til þeirra eru gerðar. Koma þar ekki síst til lengri ævilíkur okkar allra og svo stórhækkun útgjöld vegna örorku. Í þessu samhengi er ánægjuleg sú niðurstaða kjarasamninga að tryggja þriðjungs hækkun á framlagi vinnuveitenda til samtryggingarsjóða, úr 6% í 8%. Frá og með árinu 2007 munu því renna 12%

af heildarlaunum til flestra samtryggingarsjóða, en á síðasta samningstímabili var lagður grunnur að stöðu séreignarsjóða, sem þriðju stoðarinnar í framfærslu eftir starfslok, auk samtryggingar og almannatrygginga.

Þessi breyting mun væntanlega gefa einhverjum sjóðum færi á að auka réttindi, a.m.k. þegar fram í sækir. Engu að síður er ljóst að einstakir lífeyrissjóðir og samtök þeirra, aðilar vinnumarkaðarins og aðrir sem að lífeyriskerfinu koma, þurfa að fara yfir og leita lausna á ýmsum kerfislægum vandamálum sem steðja að lífeyrissjóðakerfinu. Þar þarf að skoða m.a. aldurstengingu réttindaávinnslnunnar og jafnvel útgreiðslna. Einnig örorkumatsferlið og endurhæfingarúrræði, útreikning ævitekna, stærð sjóða, möguleika til að jafna eða dreifa áhættu og margt fleira.

Lífeyrissjóðir gegna gríðarlega mikilvægu samfélagslegu hlutverki við að tryggja fólki örugga afkomu að lokinni starfsævi. Skipulag almennu lífeyrissjóðanna á Íslandi á grundvelli sjóðsöfnunar þykir til mikillar fyrirmyndar í heiminum. Slík skoðun á kerfisvanda sem boðuð hefur verið á að geta gert gott kerfi ennþá betra.

Ég þakka samstjórnarmönnum, starfsmönnum sjóðsins, sjóðfélögum og atvinnurekendum sem til hans greiða, ánægjuleg samskipti á starfsárinu.

*Ari Edwald,  
stjórnarformaður*



## LÍFEYRISMÁL

Á árinu 2003 námu lífeyrisgreiðslur sjóðsins samtals 2.092,9 milljónum króna. Lífeyrisbyrði sem hlutfall af iðgjöldum var 69,5%. Þetta hlutfall var 67,2% á árinu 2002, 61,6% á árinu 2001, 63,2% á árinu 2000, 61,9% á árinu 1999 og 61,8% á árinu 1998.

### Lífeyrisgreiðslur sem hlutfall af iðgjöldum frá stofnun sjóðsins

Ár	Iðgjöld í þús.	Lífeyrisgreiðslur	Hlutfall
1996	1.428,2	1.019,5	71,7%
1997	1.691,8	1.113,8	65,8%
1998	1.935,4	1.195,7	61,8%
1999	2.097,1	1.299,4	61,9%
2000	2.351,1	1.486,2	63,2%
2001	2.859,9	1.762,4	60,6%
2002	2.901,5	1.951,3	67,2%
2003	3.008,8	2.092,9	69,5%

### Fjöldi lífeyrisþega

Fjöldi lífeyrisþega á árinu 2003 var 10.173 og þar af fengu 891 lífeyrisþegar greidda fleira en eina tegund lífeyris. Skipting milli einstakra lífeyristegunda var sem hér segir:

Lífeyristegund	Fjöldi árið 2003	Fjöldi árið 2002	Breyting í %
Ellilífeyrir	6.164	6.003	+ 2,7%
Örorkulífeyrir	2.286	2.139	+ 6,9%
Makalífeyrir	1.088	1.114	- 2,4%
Barnalífeyrir	635	594	+ 6,9%
Samtals	10.173	9.850	+ 3,3%

### Lífeyrisgreiðslur


Lífeyristegund	Upphæð 2003	% af heild	Upphæð 2002	% af heild
Ellilífeyrir	1.313.912.912.-	63,1%	1.208.024.341.-	62,3%
Örorkulífeyrir	601.698.926.-	28,9%	568.785.364.-	29,3%
Makalífeyrir	127.214.926.-	6,1%	125.997.040.-	6,5%
Barnalífeyrir	39.438.239.-	1,9%	37.635.022.-	1,9%
Samtals	2.082.265.003.-	100,0%	1.940.441.767.-	100,0%

## Örorkulífeyrismál

Örorkulífeyrir er stór og afgerandi þáttur í lífeyrisgreiðslum sjóðsins. Örorkulífeyrir sem hlutfall af lífeyrisgreiðslum frá stofnun sjóðsins 1996 hefur verið eftirfarandi:

Ár	Heildarlífeyrir	Örorkulífeyrir	Hlutfall	Fjöldi
1996	1.019.518.969.-	334.874.241.-	32,8%	1.601
1997	1.109.709.886.-	346.896.793.-	31,3%	1.656
1998	1.190.356.734.-	361.844.029.-	30,4%	1.681
1999	1.293.869.463.-	383.506.644.-	29,6%	1.763
2000	1.479.347.950.-	436.118.220.-	29,5%	1.833
2001	1.752.746.826.-	523.343.962.-	29,9%	1.997
2002	1.940.441.767.-	568.785.364.-	29,3%	2.139
2003	2.082.265.003.-	601.698.926.-	28,9%	2.286

### Skipting örorkulífeyrisþega á árinu 2003 eftir stærstu sjúkdómsflokkum



## INNHEIMTA

### *Innheimta lána.*

Öll skuldabréf í eigu sjóðsins eru í bönkum til innheimtu. Samið hefur verið við viðkomandi banka um innheimtukostnað og er þar um verulega lækkun að ræða m.v. gjaldskrá þeirra. Dagvextir reiknast á vanskil frá gjalddaga til greiðsludags og eru skuldabréf sjóðsins send til lögfræðilegrar innheimtu ef vanskil verða 90 dagar. Á þessu tímabili er send út vanskilatilkynning og síðan lokaáðvörun þar sem gefinn er 10 daga frestur og tekið fram að verði hann ekki virtur þá sé skuldabréfið gjaldfallið.

### *Innheimta iðgjalda.*

Standi launagreiðandi ekki skil á iðgjöldum til sjóðsins á réttum tíma eru ítrekunarbref send í samræmi við 9. grein í samþykktum sjóðsins.

Í lögum um Ábyrgðarsjóð launa sem sett voru á árinu 1992 er skilyrðum þeim lýst sem Lífeyrissjóður þarf að uppfylla til að vangoldin iðgjöld gjaldþrota njóti ábyrgðar sjóðsins. Ábyrgðarsjóðurinn tryggir greiðslu á iðgjöldum til lífeyrissjóða allt að 18 mánuðum fyrir gjaldþrotaúrskurð.

Í 9. grein samþykktu Lífeyrissjóðsins Framsýnar eru ákvæði þessi tekin upp og sjóðnum gert að uppfylla þau.

Yfirlit yfir móttækin iðgjöld eru send sjóðfélögum tvisvar á ári, í mars og í september, og þurfa sjóðfélagar að gera athugasemdir við yfirlitið, staðfestar með launaseðlum, innan 60 daga frá útsendingardegi þess ef vanhöld sýnast á iðgjaldaskilum.

Ef ekki berst yfirlit frá sjóðnum getur það verið merki um að ekki sé staðið í skilum við sjóðinn. Réttindi geta því glatast ef sjóðnum er ekki gert aðvart um ætluð vanskil og er rík ábyrgð lögð á sjóðfélagann þessu samfara.

Starfsmenn sjóðsins fylgjast með iðgjaldaskilum, en enginn gerir það betur en sjóðfélaginn sjálfur.

### *Innheimtuyfirlit.*

Á árunum 2000 og 2001 varð mikil aukning á vanskilum hjá sjóðnum. Þetta gekk að hluta til til baka á árunum 2002 og 2003. Vanskil á lánnum hafa minnkað og eru nú mun færri lán í innheimtu en áður var. Vanskil á iðgjöldum hafa aftur á móti stóruaukist. Síðari hluta ársins 2002 fór innheimta verulega að þyngjast og aukning varð á innheimtu vanskila. Hér að neðan er sýnd staða þessara mála s.l. þrjú ár. Fækkun skuldaþréfa frá ári til árs í eigu sjóðsins á sér skýringu í rafrænni skráningu skuldabréfa.

Lán	31.12.2003	31.12.2002	31.12.2001
Fjöldi skuldabréfa í eigu sjóðsins	10.870	11.858	12.936
Gjaldf. afb., vextir og verðbætur	122.041	147.230	163.146
Fjöldi lána í innheimtu hjá lögmönnum	89	122	199
Upphæð vanskila í innheimtu með gjaldfellingu	207.283	204.102	548.332

Iðgjöld	31.12.2003	31.12.2002	31.12.2001
Fjöldi iðgjaldagr. í vanskilum hjá lögmönnum	346	311	236
Fjöldi innheimtumála hjá lögmönnum	693	645	494
Iðgjöld í innheimtu hjá lögmönnum í árslok með áföllnum dráttarvöxtum	380.513	350.378	248.387
Áætluð óinnheimt iðgjöld sjóðsins í árslok fyrir utan lögfræðinnheimtu.	405.000	380.000	340.000




## IÐGJALD


Sjóðfélagar 16 - 70 ára greiða 4% af öllum launum sínum til sjóðsins og atvinnurekendur 6%. Iðgjald sjóðfélaga er umreiknað til stiga og lífeyririnn háður þeim útreikningi. Þannig verða lífeyrisgreiðslur mismunandi eftir því hve hátt iðgjald hefur verið greitt. Eftir því sem iðgjaldið er hærra verða lífeyrisgreiðslurnar hærrí. Þegar sjóðfélagi nær 70 ára aldri hættir hann að greiða iðgjald til sjóðsins, enda aflar hann sér ekki lífeyrisréttinda eftir þann tíma.

Iðgjald sjóðfélaga fyrir hvert ár er umreiknað í stig. Ákveðin laun eru notuð til útreiknings á stigum og heita þau grundvallarlaun. Grundvallarlaunin eru ákveðin af stjórn sjóðsins og taka breytingum vísitölu neysluverðs. Grundvallarlaun fyrir árið 2003 eru kr. 766.127.-


Fjöldi sjóðfélaga




Greiðendur á árinu 2003



Stig sjóðfélaga



Stig greiðenda á árinu 2003





## ÁRSFUNDUR 2003

Ársfundur Lífeyrissjóðsins Framsýnar var haldinn að Hótel Loftleiðum Reykjavík þriðjudaginn 29. apríl 2003 kl. 17:00.

### Helstu mál og samþykktir ársfundarins:

#### *Inngangur.*

Halldór Björnsson stjórnarformaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Þórarinn V. Þórarinsson var kosinn fundarstjóri og Örn Arnþórsson fundarritari.

#### *Skýrsla stjórnar.*

Halldór Björnsson flutti skýrslu stjórnar. Í skýrslunni var farið yfir helstu þætti úr rekstri sjóðsins á árinu 2002 sem var sjöunda starfsár hans.

Í upphafi skýrslu stjórnar var á það minnt að þótt Lífeyrissjóðurinn Framsýn sé einn af yngstu lífeyrissjóðum landsins þá sé hann um leið einn af þeim eldri, því við stofnun sameinuðust í honum lífeyrissjóðir sem höfðu starfað allt frá því 1970 og í einu tilfelli frá 1959. Framsýn byggir því á langri hefð.

Í skýrslunni var farið inn á framtíðarverkefni sjóðsins og velt upp þeirri spurningu hvernig fjármunir sjóðfélaga verði best ávaxtaðir í framtíðinni og að þeir tryggji sem mestan og bestan rétt til lífeyrisgreiðslna og varpaði formaður fram þeirri spurningu hvort það verði best gert með því að halda áfram því ferli sem hafið er, þ.e. að stækka einingarnar. Ég er ekki í nokkrum vafa um að sú leið er skynsamleg, sagði formaður.

Hið fyrsta þarf að hefja viðræður milli aðila vinnu- markaðarins annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar um skýrari verkaskiptingu milli lífeyrissjóðanna og almannatryggingakerfisins, vegna lífeyris og örorkubóta. Í því sambandi má t.d. nefna þann möguleika, að makalífeyrir og örorkulífeyrir verði á ábyrgð samfélagsins, þ.e. í gegnum almannatryggingakerfið og Tryggingastofnun.

Enn eitt viðfangsefnið sem við þurfum að fara að huga að í náninni framtíð, er hvernig við ætlum að tryggja fólki lífeyri í takt við ævitekjur. Það verður að segjast eins og er, að þar er staða launafólks á almennum markaði annars vegar og þeirra sem eru á opinberum markaði hins vegar mjög mismunandi.

Lífeyrissjóðir á opinberum markaði hafa baktryggingu sem við höfum ekki. Hjá okkur er ávöxtunin lykilatriði, því við höfum ekki þessa baktryggingu.

Einnig er komið að því, að við þurfum að vega og meta kosti og galla þess að taka upp aldurstengt réttindakerfi í stað þess jafnávinnslukerfis sem við styðjumst við í dag. Margir þættir benda til þess að þetta geti verið sjóðnum nauðsynlegt.

Halldór Björnsson flutti í lok ræðu sinnar þakkir til allra þeirra aðila sem hann hefur unnið með hjá sjóðnum í þau átta ár sem hann hefur gengt stjórnarsetu en hann vikur nú úr stjórn. Þetta starf hafi verið gefandi fyrir sig og að hann eigi ekki aðra von heitari en að það hafi skilað einhverjum árangri fyrir sjóðfélaga.

#### *Kynning ársreiknings.*

Bjarni Brynjólfsson framkvæmdastjóri gerði grein fyrir reikningum sjóðsins fyrir árið 2002. Alls greiddu 31.168 sjóðfélagar hjá 2842 atvinnurekendum iðgjöld til sjóðsins á árinu. Í árslok voru 136.038 einstaklingar með inneign í sjóðnum. Virkir sjóðfélagar voru 16.716. Innborguð iðgjöld á árinu voru kr. 2.902 milljónir, og greiddur lífeyrir 1.952 milljónir. Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 53.673 milljónum króna í árslok 2002.

Bjarni flutti þeim Halldóri Björnssyni og Þóarni V. Þóarinssyni þakkir fyrir öll þeirra störf fyrir sjóðinn þau átta ár sem þeir hafa setið í stjórn en þeir hafa gegnt störfum formanns og varaformanns til skiptis öll þessi ár en viku nú úr stjórn vegna reglna um hámarks lengd stjórnarsetu. Fundarmenn færðu þeim þakkir með lófataki.

#### *Tryggingafræðileg úttekt.*

Bjarni Þórðarson tryggingastærðfræðingur gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt á sjóðnum per 31.12.2002.

Skuldbindingar m.v. núgildandi samþykktir sjóðsins að teknu tilliti til framtíðarskuldbindinga eru kr. 109.409 milljónir en eignir með núvirðingu og verðmæti framtíðariðgjalda kr. 107.175 milljónir. Skuldbindingar umfram eignir eru því taldar 2.234 milljónir eða 2,0% umfram heildareign í árslok 2002.



Mynd tekin eftir stjórnarfund 18. mars 2004.  
Talið frá vinstri: Guðmundur Þ Jónsson, Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Sigurður T. Sigurðsson, Ari Edwald formaður, Jón Guðmann Pétursson, Hjörleifur B. Kvaran, Sigurður Bessason og Helgi Magnússon.

## STJÓRN OG STARFSMENN

Stjórn sjóðsins er skipuð átta mönnum. Fjórir eru kosnir af launþegum og fjórir af vinnuveitendum. Átta varamenn eru kosnir á sama hátt og til jafnlangs tíma og aðalmenn. Kosning fulltrúa launþega fer fram á ársfundi sjóðsins, en framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins kýs fulltrúa vinnuveitenda.

Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamanna þeirra.

Stjórn sjóðsins sem að hluta var kosin á ársfundi 23. apríl 2002 og að hluta á ársfundi 29. apríl 2003, skipa eftirtaldir menn:

Ari Edwald, formaður  
Sigurður Bessason, varaformaður  
Guðmundur Þ Jónsson  
Helgi Magnússon  
Hjörleifur B. Kvaran  
Jón Guðmann Pétursson  
Sigurður T. Sigurðsson  
Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Á árinu 2003 voru haldnir alls 14 stjórnarfundir. Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins samkvæmt ákvæðum samþykktu hans, sem samþykktar hafa verið á ársfundi sjóðsins og hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins. Meðal þess efnis sem stjórnin fjallar um á fundum sínum er stefnumörkun, breytingar á samþykktum, lána-reglur og útlán sjóðsins, skuldabréfa- og hlutabréfa-kaup, erlendar fjárfestingar og kynningarmál sjóðsins.

### Skrifstofa og starfsmenn

Skrifstofa Lífeyrissjóðsins Framsýnar er að Sætúni 1, sími 515-4700, fax 515-4701. Afgreiðslutími er frá kl. 8.30 – 16.30. Yfir sumarmánuðina maí - september er afgreiðslutími kl. 8 - 16. Hjá sjóðnum starfa nú 13 starfsmenn í fullu starfi.



Starfsmenn sjóðsins eru eftirtaldir:

Talið frá vinstri:

Anna Lis Hjaltadóttir  
Bjarni Brynjólfsson  
Jónína Benediksdóttir  
Sigurborg Reynisdóttir  
Bjarney Sigurðardóttir  
Örn Arnþórsson

Starfssvið:

innheimta iðgjalda  
framkvæmdastjóri  
lánamál  
innheimta iðgjalda  
Séreignarsjóður Framsýnar  
skrifstofustjóri

Ingileif Kristinsdóttir  
Áslaug Jónsdóttir  
Auður Eggertsdóttir  
Hjördis Karlsdóttir  
Halldór Kristinsson  
Guðrún Sigurðardóttir (vantar á mynd)  
Kristín Pétursdóttir (vantar á mynd)

bókhald  
skráning iðgjalda  
lífeyrismál  
afgreiðsla/móttaka  
fjármál/sérverkefni  
gjaldkeri/lánamál  
skráning iðgjalda



## STARFSEMI SJÓÐSINS Á ÁRINU 2003 ÝMIS ATRIÐI ÚR REKSTRI SJÓÐSINS

### *Samningur við Skyggni hf. um hýsingu og rekstur tölvukerfis.*

Lífeyrissjóðurinn Framsýn gerði í nóvember 2003 samning við Skyggni hf. um hýsingu og rekstur á tölvukerfum sjóðsins. Samningurinn felur í sér heildarlausn, en hann inniheldur hýsingu á vélbúnaði, leigu á vél- og hugbúnaði, fjarskipti, internetþjónustu og heimatengingar. Verulegt hagræði er af því að semja við einn aðila um heildarlausnir í tölvumálum. Það tryggir rekstraröryggi, hraðvirka þjónustu og skýra yfirsýn yfir allt er varðar notkun upplýsingatækni fyrir-tækjanna.

Eftir sem áður er Lífeyrissjóðurinn Framsýn stærsti notandi hjá Landsteinum Streng hf. á lífeyrissjóða- og stéttarfélagakerfi þeirra (Jóakim) sem fjöldi lífeyrissjóða notar. Þar fara fram vinnslur sem tilheyra verðbréfa-, lífeyris- og iðgjaldakerfi sjóðsins.

### *Viðbætur á heimasíðu sjóðsins.*

Heimasíða sjóðsins [www.framsyn.is](http://www.framsyn.is) er stöðugt í endurnýjun og var ný og endurbætt síða sett upp á árinu 2002. Á síðastliðnu ári var haldið áfram að bæta við á heimasíðuna og var þar settur inn launagreiðendavefur. Launagreiðendur geta eftir opnun vefsins:

- Sent skilagreinar úr bókhaldskerfum sínum í kerfi Framsýnar.
- Skoðað stöðu hjá sjóðnum og allar hreyfingar.

Í gegnum launagreiðendavefinn er hægt að fylla út skilagreinar og senda til sjóðsins. Einnig gerir vefurinn

launagreiðendum kleift að senda sjóðnum skilagreinar vegna lífeyrissjóðs- og stéttarfélagsgjalda beint úr bókhaldskerfum sínum, þ.e.a.s. þeim kerfum sem geta búið til textaskrár sem innihalda skilagreinar á rafrænu forniði. Þær skrár sem bókhaldskerfið býr til er síðan hægt að senda beint inn í innheimtukerfi sjóðsins.

### *Jökla-Verðbréf hf.*


Starfsemi Jökla-Verðbréfa hf. á árinu 2003 gekk vel. Hagnaður varð á rekstri félagsins á árinu 2003 að fjárhæð 11,6 millj. kr. fyrir skatta og 9,4 eftir skatta samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins nam 80,3 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 75 millj. kr. Á árinu voru 1,7 stöðugildi hjá félaginu.

CAD-hlutfall félagsins, sem reiknað er út samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 439,5%. Hlutfall þetta má lægst vera 8%. Eiginfjárlutfall félagsins er 97,0% og er því ljóst að félagið er eignalega mjög sterkt.

Í árslok 2003 er hlutafé félagsins 75 millj. kr. Hluthafar voru tveir og átta þeir hvor um sig 50% í félaginu. Þann 1. janúar 2004 kaupir Lífeyrissjóður Austurlands þriðjungs hlutafjár í Jöklu-Verðbréfum hf. Frá þeim tíma eru eigendurnir orðnir þrír, hver með þriðjungs eignarhlut. Hluthafar í dag eru Lífeyrissjóður Austurlands, Lífeyrissjóður Vestmannaeyja og Lífeyrissjóðurinn Framsýn.

Samkvæmt rekstrarætlun fyrir árið 2004 er reiknað með að hagnaður verði af starfsemi að fjárhæð kr. 13.8 millj. og 11,3 millj. eftir skatta.

**Verðbréfaeign 31.12.2003**




## VERÐBRÉFAEIGN

Skiptingu verðbréfaeignar sjóðsins í milljónum króna í árslok 2003 má sjá í eftirfarandi töflu og kökuriti hér á síðunni:

	2003	%	2002	%
Veðskuldabréf sjóðfélaga	3.822,2	6,2	3.540,7	6,8
Skuldabréf með ríkisábyrgð	19.436,5	31,5	18.295,4	35,3
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	2.435,1	3,9	2.316,6	4,5
Skuldabréf banka- og fjármálafyrirtækja	3.553,9	5,8	3.352,5	6,5
Fyrirtæki og önnur skuldabréf	4.772,6	7,7	3.340,0	6,4
Veðskuldabréf	4.873,7	7,9	5.365,7	10,4
Skuldabréf í erlendum gjaldmiðlum	0,0	0,0	179,2	0,3
Hlutdeildarskírteini	4.902,0	7,9	2.498,9	4,8
Innlend hlutabréf	12.519,0	20,3	8.854,4	17,1
Erlend hlutabréf	5.383,2	8,7	3.965,2	7,7
Önnur útlán	71,8	0,1	115,4	0,2
Samtals	61.770,0	100,0	51.824,0	100,0

## FJÁRFESTINGAR 2003

Sundurliðun fjárfestinga sjóðsins á liðnu ári má sjá í eftirfarandi töflu og kökuriti hér á síðunni.



	2003	%	2002	%
Veðskuldabréf sjóðfélaga	638,4	4,6	817,7	7,8
Skuldabréf með ríkisábyrgð	3.565,3	25,7	3.470,2	32,9
Skuldabréf sveitarfélaga	355,7	2,6	0	0,0
Skuldabréf banka og fjármálafyrirtækja	370,9	2,7	423,1	4,0
Fyrirtæki og önnur skuldabréf	1.920,8	13,8	1.215,3	11,5
Veðskuldabréf	45,7	0,3	117,5	1,1
Hlutdeildarskírteini	2.794,2	20,1	1.313,7	12,4
Hlutabréf í innlendum hlutafélögum	3.590,2	25,9	2.885,4	27,3
Hlutabréf í erlendum hlutafélögum	595,4	4,3	318,4	3,0
Samtals	13.876,6	100,0	10.561,3	100,0


## SÉREIGNARSJÓÐUR FRAMSÝNAR

Á árinu 2003 varð áfram mikill vöxtur í Séreignarsjóði Framsýnar og jukust eignir sjóðsins um rúmlega 377 milljónir króna á árinu sem er 142% aukning frá fyrra ári.

Fjöldi réttihafa í Séreignarsjóðnum jókst að sama skapi mikið á árinu eða um 55% og eru nú rúmlega 26 þúsund manns sem eiga réttindi í Séreignarsjóði Framsýnar. Þessa miklu aukningu má rekja til 1% framlagsins sem tók gildi á árinu 2002, þar sem launagreiðendum ber skylda til að greiða 1% framlag í séreignarsjóð launamanns án framlags af hans hálfu. Þetta ákvæði gildir fyrir alla þá sem ekki hafa tekið þátt í séreignarsparnaði og hafa þar af leiðandi ekki fengið nein séreignarframlög. Þessir sjóðfélagar eru þó ekki að fá allt það út úr kjarasamningum sem þeir eiga rétt á þar sem hámarksmótframlag getur verið 2% gegn 2-4% eigin framlagi sjóðfélagans.



Eins og fyrri ár voru yfirlit send til sjóðféлага í byrjun árs og einnig um mitt ár þar sem fram komu sundurlíðuð framlög sjóðféлага og launagreiðenda. Þannig geta sjóðfélagar fylgst með þróun eignar sinnar og yfirfarið greiðslur frá launagreiðanda. Komi til vanskila frá launagreiðanda er lögmönnum lífeyrissjóðsins falið að innheimta séreignarsparnaðinn.

Eignir séreignarsjóðsins voru eftirfarandi í árslok:



Árið 2003 einkenndist af miklum hækkunum á verðbréfamörkuðum og var árið eitt það besta í ávöxtunarsögu Séreignarsjóðsins. Meðaltalsraunávöxtun Framtíðarsýnar 1, var 23,88% og nafnávöxtun 27,25% á árinu, en meðaltalsraunávöxtun Framtíðarsýnar 2, var 19,13% og nafnávöxtun 22,37%. Sjóðurinn hefur frá stofnun skilað góðri ávöxtun í báðum deildum þrátt fyrir sveiflur á mörkuðum undanfarin ár.

**Meðaltal raunávöxtunar  
Séreignarsjóðsins frá upphafi**



## INNLEND SKULDABRÉF

Árið 2003 var enn eitt metárið hjá Íbúðalánasjóði en útgáfa húsbrefta jókst um 42% og nam heildarfjárhæð samþykkrtra skuldabréfaviðskipta um 50,1 milljarði á árinu 2003 en var 35,3 milljarðar árið áður.

Vaxtalækkunarferli Seðlabankans lauk í febrúar á síðasta ári en þá voru vextir lækkaðir um 50 punkta eða úr 5,8% í 5,3%. Verðbólga nálgadist verðbólguþáttinn mið Seðlabankans.

Töluverðar sveiflur voru á ávöxtunarkröfu húsbrefta á árinu. Ávöxtunarkrafa hús- og húsnæðisbréfa lækkaði um 50 til 80 punkta. Rekja má þessa lækkun á ávöxtunarkröfunni til nokkurra þátta eins og aukinna kaupa og áhuga erlendra fjárfesta á ríkistryggðum bréfum, uppgjörshæfi hús- og húsnæðisbréfa í alþjóðlegum uppgjörsböndum og fyrirhugaðrar endurskipulagningar útgáfu Íbúðalánasjóðs.

Met velta var með skuldabréf í Kauphöll Íslands á árinu 2003 en samtals voru viðskipti fyrir um 1.000 milljarða króna sem er 26% aukning frá árinu 2002.

Fjöldmörg fyrirtæki og sveitarfélög nýttu sér lækkandi kröfu ríkistryggðra bréfa til þess að gefa út skuldabréf og skrá þau í Kauphöll Íslands. Enda eru þau verðlögð að teknu tilliti til ákveðins álags ofan á ríkistryggð bréf.

Þróun ávöxtunarkröfu IBH 41 '03



Skuldabréfasamsetning sem hlutfall af heildarsafni sjóðsins var eftirfarandi í lok árs:

FLOKKUR	HLUTFALL
Ríkistryggð skuldabréf	31%
Skuldabréf sveitarfélaga	4%
Skuldabréf banka og lánastofnana	6%
Fasteignatryggð skuldabréf	15%
Skuldabréf fyrirtækja	8%
Meðaltími skuldabréfasafnsins var 7,3 ár um áramótin.	

## GJALDEYRISMARKAÐUR

Íslenska krónan styrktist lítið eitt á árinu 2003. Líkt og fyrr þá styrktist hún á fyrrihluta ársins, veiktist á seinni hluta en náði síðan nokkurri styrkingu fyrir lok árs. Aukin erlend lántaka og innflæði fjármagns vegna stóriðjuframkvæmda valda styrkingu krónunnar. Á hinn bóginn hefur vöruskiptajöfnuður verið óhagstæður og erlendar fjárfestingar hafa verið að aukast með hækkandi hlutabréfamörkuðum erlendis.

Helstu breytingar á þróun annarra gjaldmiðla gagnvart ÍKR voru þeir helstir að dollarinn lækkaði um rúm 11% gagnvart krónunni. Töluvert af erlendum hlutabréfum sjóðsins er í dollurum og því komu sér vel þær gjaldmiðlavarnir sem sjóðurinn hafði gert.

Gengisþróun vísitölu ISK '03




Gengisþróun USD/ISK '03





## INNLENDUR HLUTABRÉFAMARKAÐUR

Velta með hlutabréf í Kauphöll Íslands á árinu 2003 var sú mesta í sögu hennar. Veltan nam um 554 milljarðum króna samanborið við 320 milljarða á árinu 2002. Úrvalsvísitalan hækkaði um 56,38% á árinu á meðan Vísitala Aðallista hækkaði um 44,49%.



Fjögur félög hækkuðu um meira en 60% á árinu. Mest hækkaði gengi Pharmaco hf. eða um 183% en einnig hækkuðu bréf Straums fjárfestingarbanka hf., KB banka hf. og Landsbanka Íslands hf. um meira en 60%. Félögin sem lækkuðu mest í verði voru Sláturfélag Suðurlands svf., Líf hf., Vaki-DNG hf. og Tangi hf.

Innan atvinnugreina vísitalna Kauphallarinnar hækkuðu vísitölur lyfjagreinar og fjármála og trygginga mest eða um 174,38% og 53,62%. Ástæðuna má rekja til velheppnaðar einkavæðingar banka og góðrar afkomu þeirra á árinu. Skýring á hækkun á gengi Pharmaco var m.a. að miklar væntingar voru gerðar til fyrirtækisins á árinu bæði vegna aukinnar útrásar og vegna fyrirhugaðrar skráningar í kauphöllinni í London.

Í Kauphöllinni bar það helst til tíðinda að heil atvinnuvegagrein hvarf út, þ.e. olíudreifing, en öll félögin þrjú sem voru í þessari grein komust í eigu fárra stórra aðila og voru í framhaldi af því afskráð.

Alls voru 18 fyrirtæki afskráð úr Kauphöll Íslands á árinu þ.e. Hlutabréfasjóður Íslands sem sameinaðist Kaldbaki, SR-mjöl sem sameinaðist Síldarvinnslunni, Búnaðarbanki Íslands sem sameinaðist Kaupþingi, Íslenski hugbúnaðarsjóðurinn og Framtak fjárfestingarbanki en Straumur eignaðist 10% í þeim báðum, Sjóvá-Almennar sem sameinaðist Íslandsbanka, Skýrr sem Opin kerfi eignuðust að fullu. Önnur félög sem voru afskrifuð vegna þess að einn aðili eignaðist meirihluta í þeim voru Frumherji, Íslenska járnblendifélagið, Ker, Plastrent, Baugur Group, OLÍS, ÍAV, Skeljungur, Hlutabréfasjóður Vesturlands, Fiskiðjusamlag Húsavíkur og AcoTæknival.

Aðeins voru tvö fyrirtæki skráð í kauphöllina á árinu þ.e. Fiskeldi Eyjafjarðar og Medcare Flaga.

Það sem komið er af árinu 2004 stefnir í að afskráning haldi áfram en búið er að tilkynna um afskráningu á fjórum sjávarútvegshlutum nú þegar.

Þann 18. september var lokað fyrir viðskipti með sjö hlutafélög vegna umfangsmestu viðskipta í sögu Kauphallarinnar, m.a. var lokað fyrir viðskipti með Landsbanka, Íslandsbanka, Straum, Eimskip og Sjóvá. Eftir þessi viðskipti varð mikil uppstokkun á markaðinum og sameinuðust t.d. Íslandsbanki og Sjóvá.

Bakkavör seldi um mitt ár sjávarútvegshlutann og er núna eingöngu í framleiðslu og sölu á tilbúnum kældum réttum til stórmarkaða í Bretlandi.

Ekki tókst eins vel til og áætlað var með stofnun sjávarútvegshlutans hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands. Árangur af þessari sameiningu var engan veginn ásætlanlegur og með tilkomu nýrra stórra eigenda í september varð ljóst að til greina kæmi að selja þennan hluta frá fyrirtækinu. Formleg sala fór síðan fram í byrjun árs 2004.

Einkavæðing ríkisbankanna endaði á þann veg að







Samson ehf. eignaðist stóran hlut í Landsbankanum og Búnaðarbankinn sameinaðist Kaupþingi.

Íslandssími hóf samstarf við Vodafone í Bretlandi og breytti nafninu í Og fjarskipti. Fyrirtækið hefur stækkað mikið og veitir Landssímanum harða samkeppni.

Pharmaco var það fyrirtæki sem hækkaði mest á árinu en þetta var fyrsta heila árið sem fyrirtækið starfaði eftir sameininguna við Delta. Miklar væntingar eru gerðar um framtíðavöxt fyrirtækisins og endurspeglar það hækkinguna á verðinu

Tíu verðmætustu eignarhlutar sjóðsins í innlendum hlutafélögum skráðum í Kauphöll Íslands um áramótin.

FÉLAG	Millj.kr.
Íslandsbanki hf	4.889
KB Banki hf	1.809
Pharmaco hf.	1.439
Bakkavör Group hf	936
Straumur fjárfestingarbanki hf	804
Samherji hf	598
Össur hf	352
Grandi hf	300
Afl Fjárfestingarfélag hf	255
Opin Kerfi hf	185

## ERLENDIR HLUTABRÉFAMARKAÐIR

Próun á erlendum hlutabréfamörkuðum á árinu 2003 var góð. Heimsvísitala MSCI hækkaði um 15,1% í íslenskum krónum, en 30,8% í dollurum. En það er besta ár á hlutabréfamörkuðum í heiminum í 17 ár, og það fjórða besta á undanförunum 30 árum. Vísitala 500 stærstu fyrirtækja Bandaríkjanna (S&P500) hækkaði um 13,20% í krónum og vísitala Japanskra hlutabréfa (Nikkei) hækkaði um 21,8% í krónum. Vísitala tækni-fyrirtækja (NASDAQ) hækkaði um 32,6% í krónum.

Mikill vöxtur á hagnaði fyrirtækja og væntingar um áframhaldandi vöxt stuðluðu að þeirri miklu hækkingu sem var á verði erlendra hlutabréfa á árinu 2003. Stríð Bandaríkjanna í Írak og minni áhyggjur af hryðju-verkaárásum hafði áhrif á markaðinn. Hlutabréfaverð hækkaði mikið eftir að Bandaríkjamennt lýstu yfir að þeir myndu ráðast inn í Írak, en óvissa með það hafði legið yfir markaðinum í nokkurn tíma.

Þær hlutabréfavísitölur sem hækkuðu mest á árinu voru vísitölur sem hafa að geyma áhættumeiri hluta-

bréf. Nýmarkaðir skiluðu mjög góðri ávöxtun og hækkaði vísitala Kínverskra hlutabréfa um 44% í krónum. Einnig hækkaði heimsvísitala smærri fyrirtækja mikið, eða um 39,43% í krónum.

Stærstu vörsluaðilar erlendra verðbréfa sjóðsins um áramótin.

FYRIRTÆKI	FJÁRHÆÐ Í VÖRSLU (MILLJ.KR)
Morgan Stanley	3.095
Allianz Dresdner	1.649
ACM Bernstein	1.590
Vanguard	773
JP Morgan	502
Prudential Bache Securities	452

## FJÁRFESTINGARSTEFNA

Árangur sjóðsins byggist á fjárfestingarstefnu hans fyrst og fremst. Síðastliðið ár var eitt besta ár í sögu sjóðsins og ávöxtun vel yfir meðaltalsávöxtun lífeyrissjóða í landinu. Fjárfestingarstefnan er sett upp með hliðsjón af ýmsum þáttum s.s. því að lífeyrisbyrði hans er um 70% sem þýðir að innstreymi er í sjóðinn. Aldurssamsetning sjóðfélaga skiptir einnig verulegu máli og stigatafla sem má sjá framar í ársskýrslu þessari sýnir skiptingu réttinda á milli árganga. Tryggingafræðileg úttekt sýnir að heildareignir eru 1,5% umfram skuldbindingar og er sjóðurinn einn af fáum lífeyrissjóðum eftir hremmingar síðastliðinna þriggja ára sem á eignir umfram skuldbindingar. Eftir mikla hækkingu á innlendu hlutabréfasafni sjóðsins hefur sjóðurinn innleyst hagnað með sölu hlutabréfa. Fjárfestingar í erlendum hlutabréfum voru auknar og dregið úr fjárfestingum á innlendum skuldabréfum.

Á ársfundi sjóðsins í apríl s.l. var fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt.

### Skuldabréf 50 - 75%

- **0 - 2% Innlán í bókum og sparisjóðum**

- **25 - 40% Ríkistryggð skuldabréf:**

Skuldabréf útgefin eða með ábyrgð ríkis. Stuðst er við ríkisskuldabréf ríkja skv. áhættuflokki A sem viðskiptabankar nota við útreikning eiginfjárlutfalls. Undir þennan flokk falla öll traustustu ríki að mati alþjóðlegra láns hæfistofnana.

- **2 - 10% Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga:**

Skuldabréf gefin út af sveitarfélögum. Nokkrar

takmarkanir eru settar á fjárfestingar þessa flokks eftir stærð og skuldsetningu sveitarfélaganna.

■ **2 - 10% Bankar og aðrar fjármálastofnanir:**

Skuldabréf gefin út af bönkum, sparisjóðum, lánastofnunum og fjármálafyrirtækjum enda starfi þær samkvæmt sérstökum lögum og séu undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

■ **2 - 10% Skuldabréf fyrirtækja:**

Skuldabréf útgefin af stærri fyrirtækjum enda séu skuldabréfin skráð í Kauphöll Íslands eða sambærilegum verðbréfamörkuðum samþykktum af Fjármálaeftirlitinu. Takmarkanir skv. þessum lið miðast við stærð og eiginfjárhlutfall fyrirtækjanna og lánstíma skuldabréfanna.

■ **15 - 25% Skuldabréf tryggð með veði í fasteignum:**

Skuldabréf þessi eru bundin þeim takmörkunum að ekki er lánað umfram 65% af fasteignamati viðkomandi fasteignar. Strangari reglur eru settar um atvinnuhúsnæði og enn strangari um fasteignir utan höfuðborgarsvæðisins.

■ **Aðrar reglur og takmarkanir varðandi fjárfestingar skuldabréfa:**

Stefnt skal að vali skuldabréfa sem hafa góðan eftirmarkað til að auðvelda stýringu safnsins. Í þeim tilfellum sem keypt eru ómarkaðshæf skuldabréf skal miða við að þau beri hærri ávöxtun en markaðshæf bréf. Óverðtryggð skuldabréf skulu ekki fara yfir 15% af heildarverðmæti verðbréfasafnsins.

Stjórn sjóðsins er heimilt að víkja til skemmri tíma frá ofangreindum vikmörkum einstakra yfirflokka ef markaðsaðstæður kalla á slíkt.

Gjaldmiðlaáhætta skal takmörkuð með eftirfarandi hætti:

EUR/USD	80% vörn	vikmörk +/- 20%
ÍKR	80% vörn	vikmörk +/- 20%

Með hliðsjón af framangreindu er stefnt að því að leggja áherslu á eftirfarandi atriði til þess að ná hámarksávöxtun að teknu tilliti til öryggis og áhættu:

1. Allt að fimmtungur eigna sjóðsins lúti virkri eignastýringu.
2. Skuldabréfasafn sjóðsins sé með meðalbínditíma 8 ár. Þar sem þrengri reglur gilda um skuldabréf fyrirtækja, þarf meðaltími annarra skuldabréfa almennt að vera lengri en heildarmarkmið sjóðsins. Áherslan liggur því í löngum íslenskum ríkis-skuldabréfum.
3. Fjárfestingar í skuldabréfum erlendra fyrirtækja með hærri ávöxtunarkröfu en sambærileg bréf íslenskra fyrirtækja.
4. Hlutfall hlutabréfa verði aukið á næstu árum í allt að 45% af verðbréfasafni sjóðsins.

Við fjárfestingar og eignastýringu á verðbréfasafni sjóðsins verði lagt til grundvallar í meginatriðum að sjóðurinn er langtímafjárfestir.

## Hlutabréf 25 - 50%

■ **5 - 25% Innlend hlutabréf:**

Megináhersla er lögð á hlutabréf sem skráð eru í Kauphöll Íslands og þau félög sem eru regluleg viðskipti með. Takmarkanir við fjárfestingar í hlutabréfum taka mið af stærð hlutafélaganna, eiginfjárhlutfalli og eignaraðild, svo eitthvað sé nefnt. Kaupum á óskráðum hlutabréfum skal stýrt inn í þau fjárfestingarfélög sem sjóðurinn á hlut í.

■ **10 - 40% Erlend verðbréf:**

Skuldabréf og hlutabréf útgefin af erlendum aðilum hvort sem þau eru gefin út í ísl. kr. eða í erl. mynt. Einnig hlutdeildarskírteini erlendra verðbréfasjóða og innlendra verðbréfasjóða ef megin stefna þeirra er að fjárfesta í erlendum verðbréfum. Markmið með fjárfestingu í erlendum verðbréfum er að dreifa áhættu og bæta ávöxtun sjóðsins.

## Fjárfestingarstefna 2004

Á stjórnarfundi sjóðsins þann 19. nóvember 2003 var samþykkt og undirrituð fjárfestingarstefna ársins 2004.

### Skuldabréf 50-75%

Innlán í bönkum og sparisjóðum	0-2%
Ríkistryggð skuldabréf	25-40%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	2-10%
Bankar og aðrar fjármálastofnanir	2-10%
Skuldabréf fyrirtækja	2-10%
Skuldabréf tryggð með veði í fasteignum	15-25%

### Hlutabréf 25-50%

Innlend hlutabréf	5-25%
Erlend verðbréf	10-40%



# ÁRSREIKNINGUR 2003





# ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðsins Framsýnar.

Við höfum endurskoðað ársreikning Lífeyrissjóðsins Framsýnar fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar fyrir samtryggingarsjóð og séreignarsjóð Framsýnar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Lífeyrissjóðsins Framsýnar á árinu 2003, efnahag hans 31. desember 2003, og breytingu á handbæru fé á árinu 2003, í samræmi við lög, samþykktir lífeyrissjóðsins og góða reikningsskilavenju á Íslandi.

Reykjavík, 29. janúar 2004.

**Deloitte & Touche hf.**

Björg Sigurðardóttir  
endurskoðandi

## SKÝRSLA STJÓRNAR

Síðastliðið ár var það næstbesta í sögu sjóðsins. Ávöxtun samtryggingarsjóðs var 17,0% eða sem svarar 13,9% raunávöxtun. Tryggingafræðileg úttekt sýnir að eignir umfram heildar skuldbindingar eru 1,5% þrátt fyrir mikla niðursveiflu þrjú árin þar á undan. Fimm ára raunávöxtun sjóðsins er 4,69% og frá stofnun, þ.e. sl. 8 ár, 5,88%. Hrein eign til greiðslu lífeyris var kr. 63.479 milljónir í árslok 2003, sem er hækkun um 18,9% frá fyrra ári.

Góð ávöxtun sjóðsins skýrist af góðum hækkunum á hlutabréfaeign hans. Ávöxtun innlendra hlutabréfa sjóðsins var 43,85% og erlendra hlutabréfa 18,74% í krónum en USD veiktist gagnvart ÍKR um 12,4%. Sjóðurinn greip til varna gagnvart gengislækkun USD og styrkingu krónunnar á móti þeim erlendu eignum sem sjóðurinn á. Þessar varnir skiluðu um 713 milljónum króna.

Alls greiddu 30.529 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu sem eru 2,1% færri en á árinu 2002. 2.834 atvinnurekendur greiddu iðgjöld á árinu og fækkaði þeim um 8 á árinu. Í árslok voru 139.025 sjóðfélagar sem áttu réttindi í sjóðnum. Innborguð iðgjöld námu kr. 3.009 milljónum sem er 3,7% hækkun milli ára. Virkir sjóðfélagar voru 17.031 og fjölgaði þeim um 1,9%.

Áfram var mikill vöxtur í Séreignarsjóði Framsýnar en sjóðfélögum með samninga fjölgaði úr 1.100 í tæplega 1.400. Hrein eign til greiðslu lífeyris var í árslok kr. 644 milljónir króna, óx um kr. 378 milljónir, sem er 141,6% aukning frá fyrra ári. Réttthafar séreignardeildarinnar voru í árslok 26.303 og fjölgaði um 54,8% á milli ára. Heildarávöxtun séreignarsjóðanna á árinu var 24,14% sem jafngildir 20,85% raunávöxtun. Skýringar á betri afkomu séreignarsjóðanna umfram samtryggingarsjóðinn felast í uppgjörsaðferð á skuldabréfasafni sjóðanna. Meðalraunávöxtun séreignarsjóðanna sl. 4 ár er 8,62%.

Samtryggingarsjóðurinn greiddi kr. 2.082 milljónir í lífeyri á árinu 2003 og er það 6,7% hækkun milli ára. Lífeyrir var greiddur til 9.282 einstaklinga sem eru 3,3% fleiri en í fyrra. Fleiri en ein tegund lífeyris var greidd til 891 einstaklings.

Fjöldi lífeyrisþega eftir tegundum lífeyris:

Ellilífeyrir	6.164	sjóðfélagar	fjölgaði um	2,7%
Örorkulífeyrir	2.286	sjóðfélagar	fjölgaði um	6,9%
Makalífeyrir	1.088	einstaklingar	fækkaði um	2,3%
Barnalífeyrir	635	einstaklingar	fjölgaði um	6,9%

272 ellilífeyrisþegar og 169 makalífeyrisþegar sjóðsins fengu einnig greiddan lífeyri samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra alls kr. 41,4 milljónir.

Starfsmenn sjóðsins voru 13,5 á árinu. Heildarfjárhæð launa starfsmanna og stjórnar nam kr. 81 milljón.

Tryggingafræðileg athugun á fjárhagsstöðu sjóðsins í árslok 2003 var gerð af Bjarna Þórðarsyni tryggingarstærðfræðingi. Skuldbindingar sjóðsins miðað við áunninn rétt eru kr. 60.010 milljónir. Þegar litið er til framtíðarréttar eru skuldbindingar kr. 58.682 milljónir og verðmæti framtíðariðgjalda kr. 51.238 milljónir. Hrein eign sameignardeildar til greiðslu lífeyris í árslok 2003 er kr. 63.479 milljónir og hækkun vegna núvirðingar miðað við 3,5% raunávöxtun kr. 6.945 milljónir og lækkun vegna fjárfestingargjalda kr. 1.149 milljónir. Eign umfram skuldbindingar eru því kr. 1.821 milljón eða 1,5% umfram heildarskuldbindingar í árslok 2003.



## ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðsins Framsýnar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2003 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. janúar 2004.


Stjórn:



Ari Edwald




Sigurður Bessason



Guðmundur P. Jónsson



Helgi Magnússon




Hjörleifur B. Kvaran



Jón Guðmann Pétursson



Sigurður T. Sigurðsson



Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Framkvæmdastjóri:



Bjarni Brynjólfsson



# YFIRLIT UM BREYTINGU Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS ÁRIÐ 2003

## Samtryggingarsjóður

	Skýr.	2003	2002
<b>Iðgjöld</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga		1.218.861.464	1.177.707.885
Iðgjöld launagreiðenda		1.828.292.197	1.766.561.828
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(38.349.378)	(42.729.462)
		<u>3.008.804.283</u>	<u>2.901.540.251</u>
<b>Lífeyrir</b>			
Lífeyrir	3	2.123.748.951	1.988.485.214
Umsjónarnefnd eftirlauna		(41.483.948)	(48.043.447)
Annar beinn kostn. vegna örorku		10.595.246	10.910.449
		<u>2.092.860.249</u>	<u>1.951.352.216</u>
<b>Fjárfestingartekjur</b>			
Tekjur frá hlutdeildarfélagum		4.716.661	866.735
Tekjur af eignarhlutum		4.697.979.499	(2.223.237.371)
Vaxtatekjur og gengismunur	4	4.640.116.733	2.804.658.875
Breytingar á niðurfærslu eigna		(40.000.000)	(40.000.000)
		<u>9.302.812.894</u>	<u>542.288.239</u>
<b>Fjárfestingargjöld</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		44.752.780	42.672.889
Vaxtagjöld		1.812.098	(12.193.285)
Önnur fjárfestingargjöld		5.410.065	9.083.293
		<u>51.974.943</u>	<u>39.562.897</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		117.210.090	111.031.660
		<u>117.210.090</u>	<u>111.031.660</u>
Aðrar tekjur	22	22.262.472	23.193.414
<b>Hækkun á hreinni eign á árinu</b>		<u>10.071.834.367</u>	<u>1.365.075.131</u>
<b>Hrein eign frá fyrra ári</b>		<u>53.406.842.678</u>	<u>52.041.765.545</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok</b>		<u>63.478.677.046</u>	<u>53.406.840.676</u>



# EFNAHAGSREIKNINGUR

## 31. DESEMBER 2003

### Eignir

	Skýr.	31.12.2003	31.12.2002
<b>Fjárfestingar</b>			
Húseignir og lóðir . . . . .	2, 5, 6	213.667.929	217.639.163
Hlutdeildarfélög . . . . .	7	40.161.745	35.440.084
		<u>253.829.674</u>	<u>253.079.247</u>
<b>Aðrar fjárfestingar</b>			
Verðbréf með breytilegum tekjum . . . . .	2, 8-11	22.804.176.736	15.318.467.218
Verðbréf með föstum tekjum . . . . .	2, 12	30.198.070.157	27.483.799.030
Veðlán . . . . .	2, 13	8.695.935.379	8.906.397.051
Önnur útlán . . . . .	2	71.840.398	115.414.298
Aðrar fjárfestingar . . . . .	2	38.000.000	186.761.620
		<u>61.808.022.669</u>	<u>52.010.839.218</u>
	<b>Fjárfestingar</b>	<u>62.061.852.343</u>	<u>52.263.918.465</u>
<b>Kröfur</b>			
Kröfur á launagreiðendur . . . . .	18	405.000.000	380.000.000
Aðrar kröfur . . . . .		218.457.133	43.863.469
	<b>Kröfur</b>	<u>623.457.133</u>	<u>423.863.469</u>
<b>Aðrar eignir</b>			
Rekstrarfjárm. og aðrar efnisl. eignir . . . . .	2, 5	21.889.815	22.947.180
Sjóður og veltiinnlán . . . . .		723.891.755	560.086.287
Aðrar eignir . . . . .	20	190.410.864	194.322.369
	<b>Aðrar eignir</b>	<u>936.192.434</u>	<u>777.355.836</u>
	<b>Eignir</b>	<u>63.621.501.909</u>	<u>53.465.137.770</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Viðskiptaskuldir</b>			
Viðskiptareikningur séreignarsjóðs . . . . .		27.110.008	13.205.038
Aðrar skuldir . . . . .	2	115.712.853	45.090.053
		<u>142.822.861</u>	<u>58.295.091</u>
	<b>Skuldir</b>	<u>142.822.861</u>	<u>58.295.091</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris alls</b>		<u>63.478.679.049</u>	<u>53.406.842.678</u>

# YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI 2003

	<u>Skýr.</u>	<u>2003</u>	<u>2002</u>
<b>Inngreiðslur</b>			
Löggjöld . . . . .		2.983.804.284	2.861.540.251
Fjárfestingartekjur . . . . .		2.678.339.481	2.089.960.881
Aðrar tekjur . . . . .		22.262.472	23.193.414
Afborganir verðbréfa . . . . .		3.533.049.355	3.141.416.703
Seld verðbréf með breytilegum tekjum . . . . .		4.453.823.104	3.632.815.995
Seld verðbréf með föstum tekjum . . . . .		2.611.283.667	1.641.402.906
Aðrar inngreiðslur . . . . .		15.194.858	0
<b>Inngreiðslur</b>		<u>16.297.757.220</u>	<u>13.390.330.150</u>
<b>Útgreiðslur</b>			
Lífeyrir . . . . .		2.092.860.249	1.951.352.216
Fjárfestingargjöld . . . . .		49.400.279	50.306.376
Rekstrarkostnaður án afskrifta . . . . .		107.836.305	104.563.468
Skammtímalán, breyting . . . . .		0	263.212.262
Aðrar útgreiðslur . . . . .		0	11.502.059
<b>Útgreiðslur</b>		<u>2.250.096.833</u>	<u>2.380.936.381</u>
<b>Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu . . . . .</b>		<u>14.047.660.387</u>	<u>11.009.393.769</u>
<b>Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting</b>			
Kaup á verðbréfum með breytil. tekjum . . . . .		6.979.986.065	4.517.509.401
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum . . . . .		6.212.672.859	5.108.548.108
Ný veðlán og útlán . . . . .		684.181.812	935.234.452
Aðrar fjárfestingar . . . . .		6.409.306	40.607.977
Húseignir og lóðir . . . . .		606.880	2.674.835
<b>Ráðstöfun alls</b>		<u>13.883.856.922</u>	<u>10.604.574.773</u>
Hækk. (lækk.) á sjóði og veltiinnl. . . . .		163.803.465	404.818.996
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun . . . . .		<u>560.086.287</u>	<u>155.267.291</u>
Sjóður og veltiinnlán í lok árs . . . . .		<u>723.889.752</u>	<u>560.086.287</u>



# SKÝRINGAR

## Starfsemi

1. Lífeyrissjóðurinn Framsýn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Meginstarfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingarsjóðs en að auki rekur hann séreignarsjóð.

Lífeyrissjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts skv. nánari ákvæðum laganna. Skylduaðild er að lífeyrissjóðnum og er kveðið á um iðgjald til sjóðsins í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins. Stéttarfélögin sem aðild eiga að þessum sjóði eru Bifreiðastjórafélagið Sleipnir, Efling stéttarfélag, Félag hársnyrtisveina og Verklýðsfélagið Hlíf. Launþegum þessara félaga ber að greiða 4% af heildarlaunum sínum til þessa sjóðs á móti 6% framlagi atvinnurekenda eða samtals 10% sem kallast lágmarksiðgjöld og skulu þau renna til samtryggingardeildar sjóðsins. Öðrum launamönnum sem ekki er skylt að greiða lágmarksiðgjöld til annars lífeyrissjóðs er einnig heimilt að greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðsins Framsýnar.

### *Lífeyrisréttindi:*

Með iðgjaldagreiðslum til öflunar lífeyrisréttinda í sameign ávinnur sjóðfélagi sér og maka sínum og börnum eftir því sem við á rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris og maka- og barnalífeyris. Réttur til töku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðinn 65 ára. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira. Andist sjóðfélagi, eiga eftirlifandi maki og börn rétt á lífeyri úr sjóðnum. Í samþykktum sjóðsins er kveðið nánar á um ávinnslu réttinda en hún er óháð aldri. Lífeyrissjóðurinn ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sínar með eignum sínum. Árlega er gerð tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins og getur hún haft áhrif á lífeyrisréttindi sjóðfélaga því sjóðnum er skylt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eigna og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk.

## Reikningsskilaaðferðir

2. Ársreikningurinn er í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og góða reikningsskilavenju. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

